

86
19. júlí. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um endurbætur á fjallvegum.* — Með þessu brjefi samþykkti landshöfðingi, að allt að 1000 kr. af fje því, er veitt hefir verið til vegabóta með 10. gr. C. 6. fjárlaganna, verði lagðar til endurbyggingar á sæluhúsinu við Kolviðarhól undir Hellisskarði, er safnað hafði verið samskotum til, og skoraði landshöfðingi á amtmann að semja við samskotanefndina um sæluhúsbýggingu þessa, þannig að hún gæti verið fullgjörð fyrir næsta vor. Í annan stað skoraði landshöfðingi á amtmann að láta gjöra áætlun um það, sem þarf að vinna til að gjöra kafla þann af veginum upp í Hellisskarð, er liggur um Svínahraun, vel færan, og þar eptir láta almennt undirboðsþing fara fram á þessari vinnu samkvæmt áætluninni, og að áskildu samþykki landshöfðingja, til þess að þar eptir verði gjört út um það, hve miklu fje verði varið til þessarar vegagjörðar. Þess var getið, að enn væri eigi komnar tillögur frá norður- og austuramtinu um, hverjir vegir hjer á landi skuli vera fjallvegir, og að því yrði að fresta fullþaðarákvörðun um það að sinni.

87
19. júlí. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um endurbætur á fjallvegum.* — Með þessu brjefi samþykkti landshöfðingi, að nú þegar á þessu sumri væri byrjað á að gjöra við veginn yfir Holtavörðuheidi, og að til þess yrði varið allt að 1500 kr. af fje því, sem með 10. gr. C. 6. fjárlaganna er veitt til vegabóta.

88
20. júlí. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um dýralækni.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland, sem sent hafði verið bónarbrjef, þar sem dýralæknir Snorri Jónsson, er sagt hafði verið upp frá 1. maí þ. á. sýslun sinni sem dýralækni í suðurumdæminu, fer þess á leit, að hann verði skipaður dýralækni á Íslandi með 1200 kr. árslanum, hafði talið það ísjárvert að taka beiðni þessa til greina, því fremur sem menn á alþingi í fyrra hefðu látið mjög misjafnar skoðanir í ljósi um þetta málefni, og sumir hefðu mælt með því, að skipaður væri einn dýralækni til að ferðast um landið, aðrir með dýralækni í hverju amti eða hverjum landsfjórðungi, og enn aðrir með dýralækni í hverri sýslu. Þar á móti hafði ráðgjafinn álitid, að ástæða gæti verið til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um þetta mál, er ætti að fara fram á, að dýralæknir væri skipaður í hverju amti eða hverjum landsfjórðungi með 1000—1200 kr. árslanum auk dagpeninga og ferðakostnaðar eptir nákvæmari ákvörðun hlutaðeigandi amtmanns, og ætti að greiða öll útgjöldin til launa dýralækna og ferða þeirra að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði, og beiðist nú landshöfðingi áfita amtmanna um þetta mál í heild sinni.

89
24. júlí. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjárstyrk til jarðabóta.* — Með brjefum frá 21. og 22. þ. m. hefir herra amtmaðurinn eptir að hafa leitað álits amtsráðsins lagt það til, að veittar verði af hluta vesturumdæmisins af 2400 krónum þeim, er með 10. gr. C. 5 fjárlaganna eru ákveðnar til jarðabóta á ári því, er yfir stendur:

α, 120 kr. til að kaupa fyrir vagn með aktygjum handa síra Jakobi Guðmundssyni á Sandafelli í Dalasýslu sem verðlaun fyrir jarðabætur þær, er hann hefir unnið á nefndri jörð.

b, 100 kr. sem styrkur handa Guðmundi Guðmundssyni frá Mýrum í Dýrafirði til að kosta sig á búnaðarskólanum að Steini í Noregi. **89**
24. júlí.

Um leið og jeg hjer með samþykki þessar tillögur, læt jeg fylgja ávísun á 220 kr. til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hjónaskilnað.* — Í þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður spurt, hvort vald það, er veitt var amtmönnum með tilsk. 21. desbr. 1831 I. 1. d. til að leyfa algjörðan hjónaskilnað fyrir hjón, sem lifað hafa aðskilin að borði og sæng eptir leyfisbrjefi amtsins um mínnst 3 ár, og bæði óska skilnaðarins, hafi verið skert með augl. 22. febr. f. á. um verksvið landshöfðingja, þar sem 17. gr. mælir svo fyrir, að landshöfðingi skuli gefa út leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsráðgjafanum 25. maí 1844, 3., 4. og 5. til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá DL. 3—16—8, og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar. **90**
29. júlí.

Fyrir þessa sök skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að þótt hin tilvitnuðu orð sjeu ekki alveg ljós, verð jeg að vera á því, að það hafi ekki verið tilgangur hins nefnda lagastáðar að breyta verksviði amtmanna, og að að eins myndugleiki sá til «ad mandatum» að gefa út leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar, sem áður heyrði undir ráðgjafann eða kansellið, og getur um í 4. og 5. gr. konungsráðgjafanum 25. maí 1844, nú hafi verið lagður undir landshöfðingja. Amtmennirnir verða því framvegis eins og hingað til að veita algjörðan hjónaskilnað, þegar bæði hjónin æskja hans eptir hinn lögboðna tíma. Ef þar á móti algjörðs hjónaskilnaðar er beiðzt að eins af því, að annað hjónanna hefir verið dæmt í hegningarvinnu í 3 ár eða lengur, eða ef annað hjónanna mótmælir skilnaðarleyfinu, þó þau hafi verið skilin að borði og sæng í 3 ár eða lengur, ber að leyta til landshöfðingja um leyfið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um húsmennskuleyfi.* — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. meðtók jeg álit herra amtmannsins um bönarbrjef með 4 fylgiskjölum, þar sem Rögnvaldur Rögnvaldsson á Rauðará fer fram á, að hann megi taka sjer fasta dvöl hjer í bænum, þrátt fyrir það, að fátækra-
stjórn bæjarins hafi synjað sjer um þetta. Hafið þjer getið þess að nefnd fátækra-
stjórn, hafi á síðari árum verið mjög treg á að veita utanbæjarmönnum húsmennskuleyfi, og að hún hafi að yðar hyggju á stundum farið lengra í því tilliti en góðu hófi gegni, og ekki nógilega gætt hins náttúrulega rjettar, sem hver maður með óflekkað mannorð hefir til að leita sjer atvinnu þar sem hann vill, meðan hann verður ekki öðrum til þyngsla. Þó að þjer með úrskurði frá 29. apríl þ.á., eptir að beiðandanum, sem fengið hafði húsmennskuleyfi um eitt ár, hafði verið neitað um lengingu á þessu leyfi, hafið ekki fundið næga ástæðu til að ónýta þessa ákvörðun fátækra-
stjórnarinnar, virðist yður samt, að hinar nýju skýringar sem komið hafi fram í málinu, gjöri það sennilegt, að gjört hafi verið of mikið úr því, hve óálitlegur efnahagur hlutadeiganda væri. Þar að auki hafið þjer tekið fram, að það sje vafasamt, hvort það sje löglegt, eins og gjört hefir verið í þessu máli að binda húsmennskuleyfið við víst tímabil, og að sveitarstjórn varla samkvæmt tilskipun 26. maí 1863 geti vísað burt þeim manni, er hún einusinni hefði leyft að gjörast húsmadur. **91**
5. ágúst.

Fyrir þessa sök skal yður, herra amtmaður, tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir